

Ég andmæli áformum um álagningu veggjalda eins og þær koma fram í forsendum meiri hluta Umhverfis- og samgöngunefndar

Sem íbúi á Suðurnesjum tel ég þetta fela í sér mismunun varðandi störf á höfuðborgarsvæðinu þar sem við sem búum utan þess þurfum að greiða skatt ef við ætlum að sækja vinnu þar, sem íbúar höfuðborgarsvæðisins þurfa ekki.

Ég óttast að þetta muni skapa afturför í byggðamálum og hvetja fólk frekar til þess að setjast að á yfirfullu höfuðborgarsvæðinu fremur en í jaðarbyggðum sem hafa verið að blómstra að undanfögnu.

Undirritað: Skúli Freyr Brynjólfsson